



Alþingi
Erindi nr. P 128/475
komudagur 4.12.2002

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Evu M. Ævarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. desember 2002

Sam 404/2002 PS/sp
Tilv.: 215,0/05

Efni: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 3. desember, var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 27. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 338. mál, EES-reglur.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Stjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum þann 14. júní sl. umsögn um framangreint frumvarp. Í þeirri umsögn voru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Stjórnin lagði til að kannað yrði á hverju ári þar til afleiðingar laganna væru að fullu komnar í ljós hversu mikill kostnaður væri fólgin í meðhöndlun úrgangs. Að lokinni slíkri árlegri könnun yrði sveitarfélögunum jafnhliða tryggðir fjármunir til þess að standa undir þeim kostnaðarauka sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sveitarfélögin til að standa undir.

Á þeim tíma sem liðinn er frá samþykkt framangreindrar umsagnar hafa þessi málefni verið rædd meðal sveitarstjórnarmanna. Fram hafa komið miklar áhyggjur af þeim kostnaðarauka sem fylgja mun í kjölfar samþykktar slíkra laga. Sérstaklega hafa sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni áhyggjur þar sem ljóst er að þar mun kostnaðaraukinn verða hlutfallslega mestur. Þá hafa einnig komið fram verulegar efasemdir um umhverfislegan ávinning af frumvarpinu og þar með hvort skynsamlegt sé að auka kostnað við meðhöndlun úrgangs verulega ef umhverfislegur ávinningur er ekki ljós.

Nauðsynlegt er að kostnaðarmat liggi fyrir áður en frumvarpið verður afgreitt og er það tillaga stjórnarinnar að unnið verði eins nákvæmt kostnaðarmat og frekast er unnt. Stjórn sambandsins leggst eindregið gegn því að frumvarpið verði afgreitt fyrr en slíkt kostnaðarmat liggur fyrir og sveitarfélögunum jafnframt tryggðar tekjur til að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem af samþykkt frumvarpsins hlýst.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 3. desember 2002.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri